

Fimmtudaginn 28. mars 1996.

Nr. 281/1994.

Guðrún Lára Pálmadóttir

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Ábyrgð hf. og

Skúla Svavari Skaftasyni

(Jakob R. Möller hrl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Fyrning. Skaðabætur. Líkamstjón. Örorkubætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1994. Hún krefst þess, að stefndu verði gert að greiða sér óskipt 2.808.800 krónur í skaðabætur fyrir fjártjón og miska með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. október 1989 til þingfestingardags í héraði 28. október 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði málskostnaður fyrir Hæstarétti ákveðinn, eins og málið væri þar ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. júlí 1994 hefur áfrýjanda verið veitt gjafsókn hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara lækkunar á bótakröfum áfrýjanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í málinu er fram komin nægileg sönnun þess, að áfrýjandi hafi orðið fyrir hálshnykksáverka í umferðarslysi 5. október 1986. Hún var þá tæpra 19 ára og við nám í menntaskóla. Eins og rakið er í héraðsdómi, var henni veitt læknismedferð á slysadeild Borgarspít-

ala daginn eftir slysið, án þess að endurkoma væri ákveðin, en síðan leitaði hún aðstoðar hjá heimilislækni sínum, fyrst 30. sama mánaðar. Kom hún þrívægis til læknisins á tímabilinu fram til 31. október 1988, en þess á milli naut hún sjúkraþjálfunar eftir tilvísun hans. Verður ráðið af málsgögnum, að hún hafi tímabundið fengið nokkra bót af þeirri meðhöndlun. Við síðustu komu til læknisins var henni enn vísað til sjúkraþjálfunar. Hún virðist ekki hafa fengið lækniaðstoð eftir þetta, en árið 1990 hlaut hún meðhöndlun hjá Tryggva Jónassyni kíropraktor. Í apríl 1993 leitaði hún síðan til sérfræðings um mat á örorku sinni vegna slyssins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að afleiðingar slyssins fyrir áfrýjanda hafi fljótlega orðið nokkuð ljósar og verið komnar í það jafnvægi á tveimur árum, að verulegra breytinga til hins betra eða verra væri ekki að vænta. Hafi þannig verið orðið tímabært að meta örorku hennar í október 1988, er hún leitaði síðast til heimilislæknis síns. Vísa þeir til álitsgerðar þessa efnis frá Ísak G. Hallgrímssyni, sérfræðingi í orku- og endurhæfingarlækningum, sem hann ritaði 2. mars 1994 á grundvelli fram lagðra lækniðráttanna og staðfesti síðar fyrir dómi.

Líklegt má telja, þegar litið er til baka, að ástand áfrýjanda hafi verið orðið stöðugt við það tímamark, sem hér greinir. Á hinn bóginn verður ekki fullyrt, að hún eða heimilislæknirinn hafi ekki haft ástæðu til að vænta frekari bata, meðal annars þegar litið er til æsku hennar. Af gögnum málsins verður ekki séð, að læknirinn hafi ráðlagt henni að leita örorkumats, og vísaði hann henni til áframhaldandi meðferðar. Í annan stað verður ekki fullyrt, að örorkumati og öðrum undirbúningi kröfugerðar hefði lokið til hlítar árið 1988, ef áfrýjandi hefði hafist handa á þessum tíma og þá aflað vottorðs frá læknum um áverka sinn. Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi ekki átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar á hendur stefndu fyrr en árið 1989. Af því leiðir, að fyrningarfrestur samkvæmt ákvæðum 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tók ekki að líða fyrr en 1. janúar 1990. Var krafan ekki fyrnd, þegar mál þetta var höfðað 28. október 1993. Vextir af kröfunni fyrir 28. október 1989 verða hins vegar að teljast fyrndir, og hefur áfrýjandi tekið tillit til þess.

II.

Viðurkenna ber bótaskyldu stefndu gagnvart áfrýjanda á grundvelli þeirra ákvæða umferðarlaga nr. 40/1968, sem skírskotað er til í kröfugerð hennar.

Gögn um mein áfrýjanda eru rakin í héraðsdómi. Eins og þar greinir, mat Sigurður Thorlacius læknir örorku hennar af völdum slyssins 25. apríl 1993. Var það niðurstaða hans, að tímabundin örorka næmi 100% í tvær vikur, en varanleg örorka 15%. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun bóta.

Hér fyrir dómi er krafa áfrýjanda um bætur fyrir fjártjón ein-skorðuð við tjón af völdum hinnar varanlegu örorku. Styður hún kröfuna við líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar trygginga-fræðings 12. október 1993, þar sem tap á vinnutekjum eftir slysið er miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna, sem taldar voru nema 1.157.200 krónum að meðaltali á ári eftir kauplagi á útreikningsdegi. Er tapið reiknað í hlutfalli við fyrrgreint örorkustig. Við ákvörðun höfuðstólsverðmætis á slysdegi eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands fram að útreikningsdegi, en eftir það 6% ársvextir og vaxtavextir. Er niðurstaðan sú, að verðmæti tapaðra vinnutekna nemi 2.405.000 krónum, en tapaðra lífeyrisréttinda 144.300 krónum. Auk þessara fjárhæða krefst áfrýjandi miskabóta, og er krafa hennar í heild sundurliðuð þannig:

Vegna vinnutaps	kr. 2.405.000
Lækkun vegna hagræðis af skattfrelsi og eingreiðslu (10%)	– 240.500
Samtals	kr. 2.164.500
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	kr. 144.300
Miskabætur	– 500.000
Samtals	<u>kr. 2.808.800</u>

Eins og málið er lagt fyrir, þykir rétt að fallast á það með áfrýjanda, að hafa megi umræddan líkindareikning til hliðsjónar við úrlausn um fjárhæð skaðabóta. Telja má ljóst, að áfrýjandi hafi ekki

orðið fyrir verulegu tjóni fram að þessu vegna örorku sinnar, en gæta verður þess á hinn bóginn, að um er að ræða almenna áætlun um aflahæfi ungrar konu ævilangt. Er sú áætlun einvörðungu miðuð við starf utan heimilis og í hóf stillt, að því er viðmiðunartekjur varðar. Krafa vegna tapaðra lífeyrisréttinda verður tekin að fullu til greina. Að teknu tilliti til alls þessa ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta fyrir vinnutekjumissi teljast bætur vegna fjártjóns hennar hæfilega ákveðnar 2.200.000 krónur.

Ætla verður, að miski áfrýjanda vegna slyssins komi að nokkru fram í hinni læknisfræðilegu örorku, sem henni hefur verið metin. Með hliðsjón af því og öðru, er máli skiptir, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur miðað við slysdag.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, verður stefndu gert að greiða áfrýjanda óskipt samtals 2.350.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og hún hefur krafist.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur í málskostnað í héraði. Þá greiði þeir á sama hátt 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og renni þær í ríkissjóð. Við ákvörðun kostnaðarins hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ábyrgð hf. og Skúli Svavar Skaftason, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Láru Pálmadóttur, óskipt 2.350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. október 1989 til 28. október 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur í málskostnað í héraði.

Stefndu greiði óskipt 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun talsmanns hennar, 250.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 29. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-8247/1993, Guðrún Lára Pálmadóttir gegn Ábyrgð hf. og Skúla Svavari Skaftasyni, sem dómtekið var 22. þ. m.

Mál þetta er höfðað með framlagningu skjala í dómi 28. október sl.

Stefnandi er Guðrún Lára Pálmadóttir, kt. 291067-8409, Ysta-Hvammi, Húsavík.

Stefndu eru Ábyrgð hf., kt. 410169-1699, Lágmúla 5, Reykjavík, og Skúli Svavar Skaftason, kt. 210867-5469, Garðaholti 1 d, Fáskrúðsfirði.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 3.067.700 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum [...].

Þess er krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Stefndu krefjast þess og, að stefnandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Málavextir.

Stefnandi krefur um bætur vegna tjóns, sem hún kveðst hafa orðið fyrir við árekstur bifreiðanna R-52449 og U-4926 á Kringlumýrarbraut 5. október 1986.

Stefnandi var farþegi í bifreiðinni R-52449, sem var kyrrstæð á Kringlumýrarbraut á móts við Nesti í Fossvogi, þegar bifreiðinni U-4926 var ekið aftan á fyrrnefndu bifreiðina. Síðarnefnda bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá stefnda Ábyrgð hf., og stefndi Skúli Svavar Skaftason var skráður eigandi hennar.

Stefnandi heldur því fram, að við áreksturinn hafi hún rekið höfuðið í hnakkpúða, sem hafi verið of lágt stilltur, og hafi hún strax fundið til aftan í hálsi og fengið höfuðverk og svima.

Stefnandi fór á slysadeild Borgarspítalans daginn eftir, og segir svo m. a. í vottorði Guðna Arinbjarnar læknis, dagsettu 12. apríl 1993:

„Þ. 6/10 '86 kl. 14.30 kemur á slysadeild Borgarspítalans kona, er kveðst heita Guðrún Pálmadóttir ... Við skoðun eru þreifiefmsli yfir hnakkavöðvafestum vinstra megin, augnhreyfingar eru eðlilegar og viðbrögð sjáldra við ljósi eðlileg, augnspeglun eðlileg. Þetta er álitid vera hálshnykksáverki. Sjúklingur fær mjúkan hálskraga og verkjalyf. Ekki ákveðin endurkoma og sjúklingur ekki komið á slysadeild vegna þessa eftir þetta.

Samantekt og álit.

Sjúklingur lenti í bílslysi 1986. Kemur á slysadeild daginn eftir komu, þar sem skoðun gefur til kynna háls hrykk áverka. Sjúklingur er meðhöndlaður með hálskraga og verkjalyfjum. Hefur ekki verið skoðuð á slysadeild eftir þetta, og er því óljóst um, hve langan tíma einkennum hafa varað, en vitað er, að þau geti staðið mjög lengi eftir svona áverka.“

Stefnandi leitaði eftir þetta til Kristjönu Kjartansdóttur lækis, og segir svo í vottorði hennar, dagsettu 3. mars 1993: „Guðrún leitaði til undirritaðrar eftir „whiplash“-áverka, sem hún varð fyrir 29. 9. '86. Leitaði fyrst á Borgarspítala, en kom hingað 30. 10. '86. Við skoðun þá eymsli við þreifingu á hnakkavöðvum við megin og sársauki við fulla extensio á hálsi. A. ö. l. eðlileg hreyfigeta. Guðrúnu var vísað í sjúkraþjálfun. Leitar síðan aftur 18. 3. '87 vegna verkja í hálsi við megin og stíðleika. Við skoðun aumir vöðvar við megin í hálsi. Aftur beiðni um sjúkraþjálfun. Leitar enn 1. 6. '88 og er þá með mikil óþægindi og höfuðverk. Við skoðun eru enn aumir hnakkavöðvar við megin, sérstaklega occipitalt. Enn samband 31. 10. '88 vegna óþæginda í hálsi og hnakka eftir „whiplash“-áverkann. Beiðni um sjúkraþjálfun.

Guðrún virðist, eftir að hún fékk „whiplash“-áverkann, hafa verið með viðvarandi stíðleika og verki í hálsi og eymsli í vöðvum við megin.“

Lagt hefur verið fram vottorð Ágústu G. Sigfúsdóttur sjúkraþjálfara, dagsett 8. mars 1993, svohljóðandi: „Guðrún Lára var í sjúkraþjálfun frá 27. apríl til 1. júní 1987, alls 9 skipti vegna áverka eftir bílslys, sem hún lenti í 6. október 1986.

Helstu einkennum voru verkir, stíðleiki og eymsli í hálsi, og var meðferð samkvæmt áðurnefndum einkennum.

Útskrifaðist einkennalaus.“

Í aprílmánuði 1993 leitaði stefnandi til Sigurðar Thorlacius lækis, sem skoðaði hana og mat örorku hennar. Í vottorði læknisins um örorkumatið segir m. a.:

„Slasaða kom til viðtals og skoðunar til undirritaðs 13. apríl 1993. Fram kom, að slys þetta hefði átt sér stað á Kringlumýrarbraut og að það hefði orðið með þeim hætti, að bifreið hefði verið ekið aftan á kyrrstæða bifreið, þar sem slasaða var farþegi í framsæti. Hafði hún öryggisbelti.

Slasaða kveðst fyrst eftir slysið hafa verið ringluð. Eftir nokkrar klukkustundir byrjaði hún að finna fyrir verkjum aftan á hálsi, og leitaði hún á slysadeild Borgarspítalans næsta dag. Segir hún, að þar hafi sér verið sagt, að um tognun væri að ræða, og fékk hún hálskraga, sem hún notaði í um það bil tvær vikur. Hún leitaði nokkru síðar til heimilislækis síns, Krist-

jönu Kjartansdóttur, eins og fram kemur í vottorði Kristjönu hér að fram-
an. Var slasaða send í sjúkrahjálfun. Við það dró talsvert úr verkjunum, en
eftir að meðferð lauk, sótti í sama horf. Vorið 1987 var aftur reynd sjúkra-
hjálfun og aftur aðeins með skammvinnnum árangri. Fyrir um það bil þrem-
ur árum var slasaða í meðferð hjá Tryggva Jónassyni kíropraktor og fannst
það hjálpa talsvert. Hún kveðst þó áfram hafa viðvarandi verki aftan í hálsi
og herðum, sem eru verri vinstra megin og niður á milli herðablaða. Hún
finnur oft verkjaleiðina niður í vinstri upphandlegg. Hún hefur oft verk í
höfði, einkum vinstra megin, frá hnacka og fram í enni, þegar verst lætur.
Jafnframt hefur hún af og til verki í mjóbaki. Sjálfri finnst henni öll ein-
kenni koma frá hálsinum. Einkennin versna við hvers kyns áreynslu, s. s. að
hlaupa eða að sitja lengi, einkum við tölvu eða við að aka bifreið.

Fyrir slysið kveðst slasaða almennt hafa verið hraust og almennt ekki
hafa haft verki í hálsi, höfði eða mjóbaki.

Þegar slys þetta átti sér stað, stundaði slasaða nám við Menntaskólann í
Kópavogi. Verkirnir trufluðu hana talsvert við námið, einkum þegar hún
þurfti að sitja lengi við próflestur. Hún lauk þó stúdentsprófi á tilsettum
tíma vorið 1987. Síðan hóf hún nám við Bændaskólann á Hvanneyri og lauk
prófi í búfræði vorið 1988. Hún vann við landbúnaðarstörf í eitt og hálft ár
og um það bil hálft ár við afgreiðslu í verslun. Síðan hóf hún aftur nám á
Hvanneyri í framhaldsdeildinni haustið 1990 og reiknar með að ljúka þaðan
námi í vor. Sem fyrr hafa verkirnir truflað hana talsvert við námið, en hún
reiknar með að ljúka því á tilskildum tíma. Verkirnir trufluðu hana talsvert,
á meðan hún var að vinna. Við skoðun 13. apríl 1993 voru hreyfingar í háls-
hrygg almennt stíðar og sárar. Snúningur höfuðs til hægri var vægt skertur,
og við hámarksflexion vantaði tvær fingurbreiddir upp á, að haka kæmist
ofan í bringu, en ferill annarra hreyfinga í hálsi var eðlilegur. Fram komu
veruleg þreifieymsli í vöðvum á höfði, hálsi og herðum og veruleg þrýsti-
eymsli yfir n. occipitalis major beggja vegna, en allt var þetta verra vinstra
megin. Fram komu talsverð þrýstieymsli í vöðvafestum á vinstri öxl. Það
voru eðlilegir kraftar, reflexar og húðskyn í griplimum. Fram komu talsverð
þreifieymsli í paravertebral-vöðvunum meðfram öllum hryggnum. Mjóbak
var eðlilegt að sjá, og hreyfanleiki þar var eðlilegur. Lasèque-próf var nei-
kvætt beggja vegna.

Ályktun:

Um er að ræða tuttugu og fimm ára gamla konu, sem hlaut hálsnhykk í
umferðarslysi 5. október 1986. Eftir slysið hefur slasaða haft viðvarandi
verki í hálsi og herðum og oft einnig verki í höfði og vinstri upphandlegg og
af og til verki í mjóbaki. Einkennin versna við ýmiss konar álag.

Þrátt fyrir ýmiss konar meðferð og að nú séu liðin sex og hálf ár, frá því að þetta slys átti sér stað, hefur slasaða enn umtalsverð einkenni af þess völdum, og ekki er að búast við umtalsverðum bata á afleiðingum þess frekari en orðinn er.

Eðlilegt er að meta nú tímabundna og varanlega örorku slösuðu af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Í tvær vikur	100%
Varanleg örorka	15%“

Með bréfi, dagsettu 7. apríl 1993, sendi lögmaður stefnanda stefnda Ábyrgð örorkumat Sigurðar Thorlacius læknis. Með bréfi, dagsettu 7. júní, hafnaði félagið bótakröfu, þar sem það taldi kröfu stefnanda fyrnda.

EKKI er deilt um bótaskyldu, verði kröfur ekki taldar fyrndar.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á því, að bifreiðarstjóri U-4926 hafi valdið henni tjóni með gáleysislegum akstri. Það hafi aukið gáleysi bílstjóra, að bifreiðin var á sumarhjólbörðum.

Stefnandi heldur því fram, að bifreiðin U-4926 hafi valdið henni tjóni sem farþega í bifreiðinni R-52449.

Stefnandi heldur því fram, að hún hafi fengið þá áverka, sem lýst er í örorkumatinu frá 25. apríl 1993, í slysinu 5. október 1986 og að 12. október 1993 hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknað út tjón hennar, að fjárhæð 2.405.000 krónur vegna varanlegrar örorku, 18.400 krónur vegna tímabundinnar örorku og 144.300 krónur vegna tapaðra lífeyrisréttinda. Þá kveðst stefnandi gera miskabótakröfu, að fjárhæð 500.000 krónur, vegna sífelldra óþæginda, sem hálsáverkarnir valda henni við störf og tómstundir.

Stefnandi hafi í fyrstu vonað, að hún myndi losna við þá verki, sem hún hlaut í slysinu 5. október 1986, þar sem hún hafi verið á ungum aldri á slysdegi, en reynslan hafi leitt annað í ljós.

Stefnandi mótmælir því, að bótaréttur sinn sé fyrndur, þar sem hún hafi í raun fyrst fengið vitneskju um kröfu sína árið 1993 og ekki átt þess kost að leita fullnustu hennar fyrir.

Stefnandi styður kröfu sína við 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 69. gr. sömu laga, að því er varðar eiganda bifreiðarinnar U-4926, en við 74. gr., 2. mgr., og 70. gr., 1. og 3. mgr., sömu gr., að því er varðar félagið.

Stefnandi skírskotar einnig til 78. gr. 1. nr. 40/1968 og til almennu skaðabótareglunnar til grundvallar málsástæðum sínum.

Varðandi vaxtakröfu er vísað til almennu skaðabótareglunnar og þeirrar meginreglu, sem fram kemur í 15. gr. vaxtalaga nr. 15/1987.

Af hálfu stefndu eru þau rök færð fram fyrir sýknukröfu, að samkvæmt 78. gr. laga nr. 40/1968, sem um málið gilda, séu bótakröfur fyrndar. Af gögnum málsins sé ljóst, að í síðasta lagi 31. október 1988 hafi stefnandi haft eða getað haft vitneskju um kröfu sína. Kröfurnar fyrnist því á fjórum árum frá lokum árs 1988 og hafi því fyrnst 31. desember 1992. Stefna í máli þessu hafi hins vegar ekki verið birt fyrir en 21. október 1993. Um þá staðhæfingu stefnanda, að hún hafi í raun fyrst fengið vitneskju um kröfu sína árið 1993 og ekki átt þess kost að leita fullnustu hennar fyrir, segja stefndu, að fyrningarfrestur fari ekki eftir persónubundinni vitneskju einstakra kröfuhafa um réttarstöðu sína, heldur í þessu tilviki eftir því, hvenær kröfuhafi bjó yfir þeirri vitneskju, að honum væri fært að leita fullnustu hennar. Á dóm-skjali nr. 11 komi glögglega fram, að 31. október 1988 töldu stefnandi og lækniir hennar, að hún þjáðist enn af þrálátum einkennum vegna áverka í ætluðu slysi. Ljóst sé því, að á þeim degi að minnsta kosti hafi stefnandi fengið vitneskju um kröfu sína. Hún hafi þó ekki hafst að þrátt fyrir þetta, og hafi fyrningarfrestur því hafist samkvæmt 78. gr. laga nr. 40/1968 við lok þess almanaksárs. Einstaklingsbundin vitneskja um lagareglur ráði ekki fyrningarfresti frekar en öðrum lagaskilyrðum.

Því er sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi sannað, að meiðsli hennar hafi stafað af bótaskyldum atburði og að þau hafi valdið henni varanlegu líkamstjóni. Jafnvel þótt svo verði talið, telja stefndu, að ósannað sé, að það muni valda henni fjárhagstjóni síðar meir. Ljóst sé, að fram til þessa hafi stefnandi ekki orðið fyrir fjártjóni, þótt vera kunni, að hún hafi sífellt átt við óþægindi að stríða.

Stefndu telja þá forsendu, að stefnandi muni tapa vinnutekjum í sama hlutfalli og læknisfræðileg örorka sé metin, vera mjög hæpna og athuga beri hverju sinni, hvort meiðsli séu líkleg til að valda skerðingu á aflahæfi eða ekki.

Stefndu telja, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir tekjutapi frá slyssdegi til matsdags, og hafa lagt fram nýjan örorkutjónsútreikning, sem reistur er á þeim sjónarmiðum. Þá séu engar upplýsingar um, að stefnandi hafi verið í tekjugæfu starfi, er hún slasaðist, og ekki eigi hún rétt á reiknuðu tekjutapi vegna tímabundinnar örorku, nema hún hafi misst af tekjum vegna hennar.

Kröfu um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi er sérstaklega mótmælt, enda standi hvorki dómvenja né fyrri uppgjörshéðir til þess að viðurkenna þennan kröfulið, nema um sannað tap sé að ræða, enda sæti þá slíkar bætur lækkan vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi.

Verði stefnanda dæmdar bætur, telja stefndu, að taka beri tillit til þess, að í örorkumati lækna sé að jafnaði fólgin nokkur miski, og einnig þurfi að líta til hagræðis, sem stafi af eingreiðslu bóta og skattfrelsi þeirra.

Stefndu telja miskabótakröfu stefnanda allt of háa, og verði þær bætur dæmdar, beri að miða við verðlag á slysdegi, enda vaxta krafist frá slysdegi.

Loks er vaxtakröfum frá því 21. október 1989 mótmælt sem fyrndum í samræmi við 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Enn fremur mótmæla stefndu því, að dráttarvextir verði dæmdir frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir meiðslum 5. október 1986. Daginn eftir leitaði hún til slysadeildar Borgarspítala og fékk þá mjúkan hálskraga og verkjalyf. Kom hún ekki á slysadeild eftir þetta. Stefnandi leitaði til Kristjönu Kjartansdóttur læknis 30. október 1986 og var vísað í sjúkrahjálfun. Stefnandi leitaði að nýju til Kristjönu læknis 18. mars 1987 vegna verkja í hálsi vinstra megin og stirðleika og var vísað í sjúkrahjálfun. Hún setti meðferð í níu skipti, og samkvæmt vottorði Ágústu Sigfúsdóttur sjúkrahjálfara útskrifaðist hún einkennalaus 2. júní 1987.

Ári síðar, 2. júní 1988, leitaði hún enn til Kristjönu Kjartansdóttur læknis vegna óþæginda og höfuðverkja og síðan aftur 31. október 1988 vegna óþæginda í hálsi og hnakka eftir „whiplash“-áverkann, og var beðið um sjúkrahjálfun. Í vottorði læknisins, dagsettu 3. mars 1993, segir síðan: „Guðrún virðist, eftir að hún fékk „whiplash“-áverkann, hafa verið með þrálátan stirðleika og verk í hálsi og eymsli í vöðvum vi. megin.“

Samkvæmt reglu 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem taka til tilviks þess, sem hér er dæmt um, fynast bótakröfur eins og þær, sem stefnandi gerir hér, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Samkvæmt örorkumati Sigurðar Thorlacius læknis frá 25. apríl 1993 var örorka stefnanda 100% í tvo mánuði eftir slysið, en síðan 15% varanleg örorka. Í ályktun hans á vottorði um matið segir m. a.: „Um er að ræða tuttuugu og fimm ára gamla konu sem hlaut hálsnnykk í umferðarslysi 5. október 1986. Eftir slysið hefur slasaða haft viðvarandi verki í hálsi og herðum og oft einnig verki í höfði og vinstri upphandlegg og af og til verki í mjó-baki. Einkennin versna við ýmiss konar álag.“

Með hliðsjón af þessari lýsingu og samanburði við vottorð Kristjönu Kjartansdóttur læknis þykir dómnum ljóst, að þegar í októberlok 1988 hafi ástand stefnanda verið orðið nokkurn veginn hið sama og reyndist, er Sigurður Thorlacius læknir skoðaði hana 13. apríl 1993. Stefnanda mátti þá

vera ljóst, að hún ætti kröfu á hendur stefndu um skaðabætur, og jafnframt var sjúkdómsástand hennar orðið það stöðugt, að óþarft var að bíða með að láta meta örorku stefnanda. Fyrningarfrestur tók því að líða í árslok 1988, og með því að mál var ekki höfðað fyrr en 28. október 1993, er krafa stefnanda á hendur stefndu fyrnd, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að fella málskostnað á milli aðila niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ábyrgð hf. og Skúli Svavar Skaftason, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Guðrúnar Láru Pálmadóttur.

Málskostnaður fellur niður.
